

30. ágúst 2012

Afkoma Skipta hf. á fyrri hluta árs 2012

- Tap nam 2.562 milljónum króna

- Tap Skipta á fyrri hluta árs nam 2,6 milljörðum króna sem skýrist einkum af fjármagnskostnaði og virðisrýrnun. Tap á sama tímabili árið 2011 var 1,9 milljarðar króna.
- Sala jókst um 4% og nam 14,1 milljörðum króna samanbórið við 13,5 milljarða á sama tímabili árið áður.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 3,4 milljörðum króna samanbórið við 3,5 milljarða fyrir sama tímabil 2011. EBITDA hlutfall var 23,6%.
- EBITDA nam 3,8 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins samanbórið við 3,1 milljarða fyrir sama tímabil 2011, sem er 23% aukning, ef leiðrétt er fyrir einskiptiskostnað. Þar er um að ræða sekt Samkeppniseftirlits sem á rætur sínar að rekja til ársins 2001 en kom til greiðslu í maí og hefur verið áfrýjað og tekjufærslu 2011 vegna dómssáttar.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 3,0 milljörðum króna samanbórið við 1,4 milljarð á sama tímabili árið áður. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 1,9 milljarði króna.
- Fjármagnskostnaður nam 2,9 milljörðum króna en þar af námu verðbætur 0,8 milljörðum króna.
- Vaxtaberandi skuldir að frádregnum innistæðum (nettó vaxtaberandi skuldir) námu 55 milljörðum króna við lok tímabilsins en voru 53 milljarðar í upphafi árs og hafa því hækkað um 2 milljarða króna.
- Eigið fé Skipta er 9,0 milljarðar króna og eiginfjárlutfall er 12%.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta hf.:

“Það er ánægjulegt að stjórnendum og starfsfólki hefur tekist að bæta undirliggjandi rekstur Skipta og dótturfélaga verulega frá því sem var fyrir ári og skýrist betri afkoma einkum af umtalsverðum hagræðingaraðgerðum og skipulagsbreytingum. Afkoma Skiptasamstæðunnar er þó óviðunandi einkum vegna alltof hárrar skuldastöðu og fjármagnskostnaði sem af því leiðir. Betri undirliggjandi rekstur er þó forsenda fyrir því að hægt sé að tryggja félaginu eðlilega fjármagnsskipan til framtíðar. Undirbúningur að endurfjármögnun er hafinn og kemur í ljós á næstu mánuðum og misserum hvernig til tekst. Þrátt fyrir fjárhagsstöðuna hafa Skipti haldið áfram að fjárfesta í framtíðinni og hefur félagið hafið mikla sókn í uppbyggingu Ljósnets sem mun ná til 75% heimila á landinu strax í lok árs 2013 og þar með tryggja sess Íslands sem eins þróaðasta lands í Evrópu hvað háhraðtengingar áhrærir. Við munum því samhliða endurfjármögunarferlinu halda áfram að bæta grunnreksturinn og styrkja stöðir fjarskipta á Íslandi.”

Helstu niðurstöður í rekstri fyrstu sex mánuði ársins 2012

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2011. Stjórn Skipta hf. hefur samþykkt árshlutareikninginn fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Rekstur

Salan á fyrri helmingi árs 2012 nam 14.079 m.kr. samanborið við 13.486 m.kr. á sama tímabili árið áður, sem er 4,4% aukning.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) var 3.371 m.kr. miðað við 3.519 m.kr. á sama tímabili árið áður. EBITDA hlutfallið er nú 23,6% samanborið við 25,6% á sama tímabili árið áður.

Að fráðregnum einskiptisáhrifum þá var EBITDA 3.811 m.kr. samanborið við 3.086 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra, sem er 23,5% aukning. Einskiptiskostnaður nú stafar af sekt samkeppniseftirlitsins en fyrir ári síðan var gerð sátt vegna gerðardóms sem hafði jákvæð áhrif á EBITDA. EBITDA hutfall án einskiptisáhrifa var 26,7% á fyrri helmingi þessa árs en var 22,5% fyrir sama tímabil 2011.

Rekstrahagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT), án virðisrýrnunar, nam 1.521 m.kr. samanborið við 1.689 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Afskriftir félagsins námu 3.162 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við 2.070 m.kr. fyrir sama tímabil 2011. Gjaldfærsla vegna virðisrýrnunar eigna nam 1.312 m.kr. á tímabilinu.

Tap samstæðunnar eftir skatta nam 2.562 m.kr. samanborið við 1.914 m.kr. tap á sama tímabili 2011. Tapið nú skýrist einkum af fjármagnskostnaði og virðisrýrnun.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var 2.956 m.kr. yfir tímabilið. Á sama tímabili í fyrra var handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta 1.395 m.kr.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 1.403 m.kr. á tímabilinu en námu 1.328 m.kr. fyrir sama tímabil 2011.

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 77.747 m.kr. 30. júní 2012 og lækkuðu eignir um tæp 2% á tímabilinu eða um 1.621 m.kr.

Eigið fé félagsins nam 9.042 m.kr. í lok fyrri árshelmings 2012 og eiginfjárhlutfall var 11,6%.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veitir:

Steinn Logi Björnsson, forstjóri, sími 896-4290.

Um Skipti hf.

Skipti reka fyrirtæki sem starfa einkum á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, á Íslandi og erlendis. Hlutverk Skipta er að sinna sameiginlegri þjónustu fyrirtækjanna á einum stað, með hagræði og sveigjanleika að leiðarljósi. Þannig skapar Skipti stjórnendum og starfsfólki dótturfélaganna svigrúm til þess að einbeita kröftum sínum að því að ná hámarksárangri í krefjandi rekstrarumhverfi. Innan samstæðunnar eru Síminn, Míla, Skjárinn, Sensa, Staki, On-Waves, Talenta og Radiomiðun. Erendis reka Skipti fjarskiptafélagið Síminn DK í Danmörku.